

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Stokkseyrarhrepps, nr. 25/1989.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í skrifstofu Stokkseyrarhrepps annan fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í júlímánuði.

2. gr.

4. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra, og hefur umsjón með félags- og tómstundastarfi öryrkja og aldraðra.

3. gr.

9. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsnæðisnefnd: Nefndin er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Þrír nefndarmenn skulu kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í hreppnum skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

4. gr.

Við C lið 56. gr. samþykktar bætist nýr töluliður, 19. töluliður, sem orðist svo:

Framfærslu- og félagsmálanefnd: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með dagvistunarmálum barna, rekstri leikskóla og annarra leiksvæða svo og verkefni framfærslunefndar samkvæmt framfærslulögum nr. 80/1947.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976
með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigi er skylt að váttryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þá er heldur ekki skylt að váttryggja skip, sem horfið er varanlega úr rekstri og hefur misst leyfi til að veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða. Þegar svo stendur á, sem að framan greinir, skal bátaábyrgðarfélög segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal veðhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélag og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í nóvembermánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 20% tekjutryggingarauka í desember 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. desember 1990 að telja um 2,83% frá því sem þær voru í nóvember 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.